



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Könnun á stöðu ráðninga í leikskólum og grunnskólum fyrir haustið 2020

Þann 9. júní 2020 var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla og grunnskóla á skóla- og frístundasviði um stöðu ráðninga í leikskólum og grunnskólum fyrir haustið 2020. Svör bárust frá öllum. Ekki var send fyrirspurn til stjórnenda frístundaheimila/sértækra félagsmiðstöðva en ráðningar þar fara að miklu leyti fram á haustin.

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum.

Staða ráðninga 10. júní 2020


Stöðugildi sem ráða þarf í	Árbær- Grafarholt	Breiðholt	Grafarvogur- Kjalarnes	Laugardalur- Háaleiti	Miðborg- Hlíðar/Vesturbær	Alls
Leikskólar	26,9	7,5	3,0	44,0	33,75	115,2
Grunnskólar	8,8	7,0	21,0	20,9	9,8	67,5

Í **leikskóla**, miðað við stöðuna 10. júní 2020, á eftir að ráða í 115,2 stöðugildi fyrir haustið miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun¹. Búið er að ráða í 93,1% stöðugilda þegar miðað er við fjölda stöðugilda eins og hann var í maí sl. en þá voru 1.673 stöðugildi í leikskólunum.

Til samanburðar frá stöðumati 3. júní 2019 átti eftir að ráða í 92,8 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun. Þá var búið að ráða í 94,1% stöðugilda miðað við fjölda stöðugilda í maí 2019 sem þá voru 1.579.

¹Auk þeirra 115,2 stöðugilda sem á eftir að ráða í leikskóla nú í júní miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun á eftir að ráða 18,3 stöðugildi í afleysingar vegna undirbúnings og 16,3 stöðugildi í veikindaafleysingar og 4,5 í önnur störf, samtals 39,1 stöðugildi.

Mynd 1. Samanburður á fjölda stöðugilda í leikskólum sem óráðið er í, júní 2019 og 2020.



Í grunnskóla, miðað við stöðuna 10. júní 2020, á eftir að ráða í 67,5 stöðugildi fyrir haustið, þar af 2,6 stöðugildi millistjórnenda, 30,4 stöðugildi kennara, 26,5 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 5,0 stöðugildi skólaliða og 3,0 stöðugildi þroskaþjálfara. Búið er að ráða í 97,1% stöðugilda þegar miðað er við fjölda stöðugilda eins og hann var í maí sl. en þá voru 2.356 stöðugildi í grunnskólunum.

Til samanburðar frá stöðumati frá 3. júní 2019 átti eftir að ráða í 111,9 stöðugildi í grunnskólum. Þá var búið að ráða í 94,9% stöðugilda miðað við fjölda stöðugilda í maí 2019 sem þá voru 2.217.

Mynd 2. Samanburður á fjölda stöðugilda í grunnskólum sem óráðið er í, júní 2019 og 2020.

